

Nr. 074 / 14 Fönix SH 3**Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 7464
Smíðaður: Hafnarfirði 1997 plast
Stærð: 5,95 brl. 5,29 bt.
Mesta lengd: 8,30 m Skráð lengd: 8,21 m
Breidd: 2,53 m Dýpt: 1,63 m
Vél: Yanmar 213,3 kW 2003
Fjöldi skipverja: 1



Fönix ©Fiskifrétir

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 20. febrúar 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli

Atvikalýsing:

Þann 11. ágúst var Fönix SH 3 á siglingu á miðin í Breiðafirði. Veður: NA 10-11 m/sek.

Þegar komið var um 14 sml NV af Ólafsvík þyngdi á vélinni og dró niður í henni þar til hún stöðvaðist. Í ljós kom að það kúplaði ekki að hvorki áfram- eða afturábak svo skipstjóri óskaði eftir aðstoð til hafnar.

Björgunarskipið Björg dró Fönix inn til Ólafsvíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að eftir að báturinn var kominn á land sást að leifar af trollneti voru í skrúfunum;
- að við vélina er utanborðsdrif af gerðinni Volvo Penta 290 DP með tveimur skrúfum sem hafa sitthvora snúningsáttina. Eftir að drifið var tekið frá og opnað sást að „öryggishólkur“ sem tengir öxulenda á milli efra og neðra drifs hafði sprungið og kvarnast úr rílum. Svarf úr hólknum hafði sáldrast niður um neðra drifið.

Nefndarálit:

Orsök óhappsins var að báturinn fékk í skrúfuna.